

Flóahreppur
Rebekka Rut Ingvarsdóttir
Þingborg
801 Selfoss

Reykjavík, 30. apríl 2024
UST202403-227/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Hjálmholt - Efnistaka - Flóahreppi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Flóahrepps er barst 14. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Hjálmholt.

Í greinargerð kemur fram að um er að ræða deiliskipulag sem nær til efnistökusvæðis E6, Hjálmholtsnámu sem er staðsett í Merkurhrauni á lóð úr landi Hjálmhólts.

Auk þess segir að efni hefur verið unnið í Hjálmholtsnámu frá því um 1980 og er núverandi stærð námunnar um 12 ha. Efni úr námunni er aðallega nýtt í húsgrunna og vegaf framkvæmdir á Suðurlandsundirlendinu og til stendur að vinna allt að 150.000 m³ á allt að 25 ha svæði í samræmi við gildandi aðalskipulag Flóahrepps.

Hraun

Í greinargerð kemur fram að eldhraun frá nútíma njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 en þar segir einnig að „Eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og er ekki lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistagerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni“

Auk þess segir að hraunið sem Hjálmholtsnáma nær til er að mestu hulið jarðveg og gróðri, innan námusvæðisins eru að jafnaði 2 m af jarðvegi ofan á hrauninu. einnig segir að við frágang skal botn námu skal vera grófjafnaður, en skilja skal eftir hrauneitla og hraunstrýtur.

Umhverfisstofnun bendir einnig á mikilvægi þess að verndaðar séu aðrar sjáanlegar jarðmyndanir í samræmi við ákvæði laganna.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að mikilvægt er að fjalla um umhverfisáhrif tillögunnar á hraun með viðeigandi viðmiðum og matsspurningum.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið

til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Lög um stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjallað um lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027¹ í greinargerð. Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Fram kemur í 28. gr. laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Sveitarfélagið þarf að fjalla um og meta áhrif skipulagsbreytingarinnar á vatnshlot þar sem fyrir séð er álag á vatn. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt er að framkvæmdaraðilar séu upplýstir um að ítarlegra áhrifamat þarf að liggja fyrir áður en leyfi fyrir framkvæmdir og/eða starfsemi er veitt. Þau framkvæmdaleyfi sem sveitarfélagið gefur út þurfa að vera í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar og lög um stjórn vatnamála.

Í greinargerð segir að samkvæmt skilyrðum aðalskipulags er ekki heimilt að geyma olíur eða önnur mengandi efni í námunni.

Auk þess segir að skv. reglugerð nr. 550/2018 er vinnsla jarðefna, þ.m.t. malar- og grjótnám eins og fram fer í Hjálmholtsnámu, mengandi starfsemi og er starfsleyfisskyld sem slík hjá heilbrigðisnefndum. Haft verður samráð við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands um aðgerðir til mengunarvarna og gert verður ráð fyrir því í starfsleyfi ef geyma þarf mengandi og hættuleg efni innan efnistökusvæðis.

Vatnshlotið sem um ræðir er grunnvatnshlotið Flói (103-209-G)¹.

Öll grunnvatnshlot eiga að hafa góða magnstöðu og vera í góðu efnafraeðilegu ástandi. Nái vatnshlot ekki umhverfismarkmiðum skal fara í aðgerðir til að draga úr álagi, leggja til mótvægisáðgerðir eða breytingar á framkvæmd til að tryggja gott ástand vatns.

¹ <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/103-209-G>

Umhverfismarkmið um ástand eru lagalega bindandi og ástandi vatnshlota má ekki hnigna, hvorki tímabundið né varanlega.

Grunnvatnshlotið hefur ekki verið ástandsflokkað, þ.e. hvorki magnstaða né efnafræðilegt ástand vatnshlotsins er þekkt. Því er mikilvægt að áhrif námunnar á vatnshlot liggi fyrir áður en framkvæmdaleyfi er veitt svo leyfisveitandi geti tekið afstöðu til þess hvort framkvæmdin sé í samræmi við vatnaáætlun og lög um stjórn vatnamála. Slíkt áhrifamat skal m.a. innihalda upplýsingar um:

- Vatnshlotið sem um ræðir, ástand þess og umhverfismarkmið.
- Áhrif vegna framkvæmdarinnar og hvernig hún hefur áhrif á gæðapætti sem eru notaðir til að ástandsmeta grunnvatnshlot, sjá nánar kafla 3.2.2. í vatnaáætlun. Ef greind eru líkleg neikvæð áhrif, bein og óbein, á gæðapættina vegna framkvæmdarinnar þarf að gera sérstaklega grein fyrir þeim tengslum og umfangi áhrifanna. Einnig hvort umhverfismarkmið munu nást eða ekki.
- Hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif (þ.e. ef kemur í ljós að umhverfismarkmiðin nást ekki).
- Samlegðaráhrif allrar starfsemi (núverandi og fyrirhugaðri) sem hafa eða geta haft áhrif á vatnshlotið.

Loftgæði

Í greinargerð segir að heimilt er að gera skjólgarða/jarðvegsmanir til að draga úr hljóð- og rykmengun frá svæðinu. Heimilt er að planta við jaðar vinnslusvæða til að draga úr rykmengun og mun það einnig hafa áhrif á ásýnd svæðisins.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að metin séu áhrif rykmyndunar frá námunni í umhverfismati og hvaða aðilar gætu orðið fyrir áhrifum, en í nágrenni efnistökusvæðisins eru bæði sumarbústaðir og bæir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að loftmengun á svæðinu fari ekki yfir viðmiðunarmörk sbr. viðauka I, reglugerðar nr. 920/2016 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu og styrk ósons við yfirborð jarðar.

Auk þess vill stofnunin benda á áætlun stjórnvalda um loftgæði sem nefnist *Hreint loft til framtíðar - áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029* þar sem markmiðið er að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi.

Áætlunin, sem gefin var út árið 2017, hefur það að meginmarkmiði „að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi“ en leiðarljós er: „að almenningur á Íslandi búi við hreint og heilnæmt andrúmsloft og að komandi kynslóðir megi njóta sömu eða betri loftgæða og þær sem nú byggja landið“.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur